

Skýrsla verkefnahóps vegna KFS greiningar á B-hluta þróunarstyrkja menntastefnu

September 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um greininguna	2
Greiningin	3
Áherslur B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar	3
Úthlutunarnefndir	4
Kynjahlutföll verkefnastjóra	5
Dreifing styrkja milli hverfa	6
Skipting þróunarstyrkja milli aldurshópa	7
Hvernig styrkirnir nýttust kynjunum og jaðarhópum.....	8
Eftirlit og mat.....	9
Tillögur starfshópsins að aðgerðum	9
Skrá yfir myndir	10
Skrá yfir töflur.....	10
Fylgiskjal 1 – Reglur um styrkveitingar úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar..	11
Fylgiskjal 2 – Umsóknareyðublað vegna umsóknar um styrki úr þróunarsjóði.....	13
Fylgiskjal 3 – Grind að lokaskýrslu um þróunarverkefna.....	17
Fylgiskjal 4 – Matsblað úthlutunarnefndar	20
Fylgiskjal 5 – Samningur vegna þróunarstyrkja	21
Fylgiskjal 6 – Auglýsing fyrir úthlutun úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar ...	22
Fylgiskjal 7 – Erindisbréf starfshóps	23

Inngangur

Í þeirri skýrslu sem hér er lögð fram er að finna greiningu á styrkveitingum skóla- og frístundaráðs úr B-hluta þróunarsjóðs Menntastefnu Reykjavíkur 2019-2022 út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Skoðaðar voru áherslur sjóðsins þessi ár og hvernig þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hvort þær komi jafnt til móts við börn og unglunga af öllum kynjum. Einnig var leitast við að fá yfirsýn yfir jafnréttisáhrif styrkja með tilliti til jaðarhópa s.s. barna með fötlun, barna með annað móðurmál en íslensku, hinsegin barna og barna sem búa við fátækt. Einnig voru skoðuð kynjahlutföll styrkþega þessi ár og hvernig styrkirnir dreifast á hverfi borgarinnar og aldurshópa barna og unglunga.

Að lokum leggur hópurinn fram tillögur að úrbótum.

Verkefnið unnu Hanna Halldóra Leifsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Hjörtur Ágústsson.

Um greininguna

Þjónustupáttur	Þróunarstyrkir menntastefnu B-hluti
Lýsing á greiningunni	Skoðaðar voru áherslur sjóðsins 2019-2022 og hvernig þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Jafnframt var lagt mat á það hvort styrkirnir nýttust öllum kynjum auk þess sem horft var til jaðarhópa s.s. fatlaðra barna, barna af erlendum uppruna o.fl. Einnig voru kynjahlutföll styrkþega og úthlutunarnefnda skoðuð. Greint var hvernig styrkirnir dreifðust á hverfi borgarinnar og aldurshópa barna og unglunga.
Markmið greiningarinnar	Markmið verkefnisins var að fá yfirsýn yfir það hvort að áherslur sjóðsins og úthlutaðir styrkir náði til beggja kynja og jaðarhópa samkvæmt skilgreiningu Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
Jafnréttismarkmið greiningarinnar	Að útdeiling fjármagns Reykjavíkurborgar sé með þeim hætti að það styðji jafnt við öll kyn svo þau hafi jöfn tækifæri til að njóta og taka þátt í metnaðarfullum verkefnum sem stuðla að framförum í námi og þroska. Jafnframt að fjármagn borgarinnar nýtist til að jafna tækifæri jaðarhópa til samræmis við aðra.

Greiningin

Á árunum 2019-2022 voru veittir styrkir til 40 verkefna úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, samtals að upphæð 150.000.000 kr. Í töflu 1 má sjá hvernig þeir skiptast þessi ár. Þar má sjá að sótt hefur verið um styrkina fyrir 88 verkefnum og 45% verkefna sem hefur verið sótt um fyrir hafa hlotið styrk. Meðalupphæð styrkupphæðar var lægst fyrsta árið en skólaárin 2020-2021 og 2021-2022 var sett inn sem skilyrði að styrkupphæðir þyrftu að vera að lágmarki 4 milljónir en að hámarki 8 milljónir. Með því var verið að hvetja til stærri verkefna en áður.

Tafla 1. Fjöldi og upphæðir styrkja:

	Umsóknir	Veittir styrkir	Árangurs-hlutfall	Upphæð	Meðalupphæð per styrk
2019-2020	40	18	45%	50.000.000 kr.	2.777.778
2020-2021	25	10	40%	50.000.000 kr.	5.000.000
2021-2022	23	12	52%	50.000.000 kr.	4.166.667
Samtals	88	40	45%	150.000.000 kr.	3.750.000

Starfshópurinn skoðaði áherslur þróunarsjóðs með tilliti til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, las yfir umsóknir allra þeirra verkefna sem hlutu styrki úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnunnar á fyrrgreindu tímabili og greindi eftirfarandi þætti:

- Kynjasamsetningu úthlutunarnefndar
- Kynjahlutfall umsækjanda/verkefnisstjóra
- Kynjahlutfall meðumsækjenda
- Hvort styrkirnir nýttust öllum kynjum
- Hvort styrkirnir nýttust jaðarhópum s.s. fötluðum börnum, börnum með sérþarfir eða börnum af erlendum uppruna
- Hvernig styrkirnir dreifðust á aldurshópa í skóla- og frístundastarfi
- Hvernig styrkirnir dreifðust á hverfi borgarinnar

Áherslur B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar

Samkvæmt 1. gr. [reglna um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs „Látum draumana rætast“](#) (sjá fylgiskjal 1) er tilgangur styrkveitinganna að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Áhersla er á að styrkja verkefni sem stuðla að fagmennsku og auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Jafnframt er lögð áhersla á aukna þátttöku barna og unglunga á starfsstöðum sviðsins. Styrkirnir eru enn fremur veittir í samræmi við áherslur sem fram koma í [Menntastefnu Reykjavíkur til 2030](#) þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf. Í 6. gr. reglnanna kemur fram að allir sem njóta styrkja eigi að kynna sér stefnumörkun borgarinnar og hlíti henni, þ.m.t. [mannréttindastefnu](#) og [aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum](#), sem jafnframt er jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar. Í 7. gr. reglnanna kemur fram áhersla á þverfaglegt samstarf milli starfseininga, s.s. milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan og utan hverfis. Skv. 8.gr. reglnanna á að gera grein fyrir því í umsókn hvernig fyrirhuguð verkefni tengjast rannsóknum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar

samstarfi eða teymishugsun gengið er út frá og hvernig á að nýta hringferli umbóta og þróunar í því skyni að byggja upp lærdómssamfélag.

Í [leiðbeiningum](#) um gerð styrkumsóknar vegna B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar er tilgreint að markmið verkefnisins sem sótt er um þurfi að byggja á menntastefnu Reykjavíkur, grundvallarþáttum, leiðarljósum og/eða framtíðarsýn og taka þarf fram hvernig þau falla að jafnréttismarkmiðum Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Í [umsóknareyðublaði](#) (sjá fylgiskjal 2) er farið fram á að umsækjendur geri grein fyrir þeim aðstæðum í félagslegu og námslegu umhverfi starfsstaðarins sem gera það að verkum að mikilvægt sé að fara í umrætt verkefni. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hverjir tóku þátt í samtali við að greina áskorarnir og þau gögn sem lágu til grundvallar.

Í matsblaði (sjá fylgiskjal 4) sem úthlutunarnefndir hafa til hliðsjónar við val á verkefnum sem hljóta styrki er meðal annars metið hvort verkefnið hafi jafnréttisgildi.

Í [skýrsluformi](#) (sjá fylgiskjal 3) sem ætlast er til að notast sé við til að skila skýrslu um verkefnið í lok hvers árs er ætlast til að í inngangi sé sagt frá markmiðum verkefnisins þ.m.t. jafnréttismarkmiðum og hvernig það tengist Menntastefnu borgarinnar.

Úthlutunarnefndir

Samkvæmt reglum um sjóðinn skipar skóla- og frístundaráð úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndinni hefur verið skipt í þrennt eftir málaflokkum sem hver tekur sinn hluta og allar taka samstarfsverkefni.

Í úthlutunarnefndi fyrir frístundastarfið hafa öll árin verið tvær konur og tveir karlar. Starfsmaður hópsins er kona.

Í úthlutunarnefnd fyrir grunnskólastarfið hafa öll árin verið fjórar konur og starfsmaður hópsins einnig kona.

Í úthlutunarnefnd fyrir leikskólastarfið voru fjórar konur árið 2019, fjórar konur árið 2020 og þrjár konur og einn karl árið 2021. Starfsmaður hópsins hefur verið kona.

Alls hafa því 19% þeirra sem hafa verið í úthlutunarnefndum verið karlar og 81% konur, sem er í samræmi við kynjaskiptinguna í starfsmannahópi skóla- og frístundasviðs. Starfsmenn hafa í 100% tilfella verið konur.

Þeir sem eru í nefndunum eru stjórnendur sem hafa mikla reynslu og hafa tekið þátt í að móta jafnréttisáætlanir sem fylgja starfsáætlunum starfsstaðanna. Þeir sem eru í nefndunum fá matsblaðið til að meta umsóknirnar út frá, auk þess sem þeir eru beðnir um að kynna sér vel áherslur menntastefnunnar. Lagt er til að framvegis þegar úthlutunarnefndir fá umsóknirnar sendar verði þeim jafnframt sendur hlekkur á mannréttindastefnu borgarinnar og nefndarmeðlimir beðnir um að hafa hana til hliðsjónar við mat sitt ásamt menntastefnunni.

Kynjahlutföll verkefnastjóra

Eitt af markmiðum verkefnisins var að skoða kynjahlutföll verkefnastjóra og þeirra sem eru skráðir tengiliðir samstarfsaðila í verkefnum. Gerð er krafa um samstarf í B-hluta verkefnum og voru frá einum og upp í 10 mismunandi samstarfsaðilar í hverju verkefni. Samstarfsaðilar eru annaðhvort aðrir starfsstaðir innan SFS eða utanaðkomandi aðilar og þá eru það í flestum tilvikum aðrar stofnanir t.d. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Tafla 2. Kynjahlutfall umsækjenda og samstarfsaðila í verkefnum sem fengu styrk:

Ár	Fjöldi styrkja	Verkefnastjórar Karlar	Verkefnastjórar Konur	Tengiliðir samstarfsaðila Karlar	Tengiliðir samstarfsaðila Konur
2019-2020	18	5	15	21	67
2020-2021	10	2	9	10	45
2021-2022	12	1	12	10	61
Samtals	40	8	37	41	173
		18%	82%	19%	81%

Tafla 3. Kynjahlutfall umsækjenda og samstarfsaðila í verkefnum sem var hafnað:

Ár	Fjöldi Umsókna hafnað	Verkefnastjórar Karlar	Verkefnastjórar Konur	Tengiliðir samstarfsaðila Karlar	Tengiliðir samstarfsaðila Konur
2019-2020	22	8	17	23	75
2020-2021	14	3	11	12	48
2021-2022	9	0	10	7	32
Samtals	45	10	34	37	155
		22%	78%	21%	79%

Tafla 4. Umsóknir og veittir styrkir eftir árum 2019-2022 – Hlutfall KK og KVK og árangurshlutfall:

Tímabil	Allar umsóknir				Veittir styrkir				Árangurshlutfall	
	KK verkefna- stjórar		KVK verkefna- stjórar		KK verkefna- stjórar		KVK verkefna- stjórar		KK verkefna- stjórar	KVK verkefna- stjórar
	n	%	n	%	n	%	n	%		
2019-2020	13	28%	33	73%	5	24%	16	76%	38%	48%
2020-2021	5	20%	20	80%	2	18%	9	82%	40%	45%
2021-2022	1	4%	22	96%	1	8%	12	92%	100%	55%
Samtals	19	20%	75	80%	8	18%	37	82%	42%	49%

Í töflu 2 má sjá að af þeim 40 styrkjum sem úthlutað var í B-hluta þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs á tímabilinu hefur 37 eða 82% farið til verkefna sem er stýrt af kvenkyns

verkefnastjórum en 8 eða 18% til verkefna sem er stýrt af karlkyns verkefnastjórum. Í 5 tilvikum eru skráðir tveir verkefnastjórar sem útskýrir mismun í fjölda verkefnastjóra og fjölda verkefna. Mjög sambærilegt hlutfall má sjá þegar tengiliðir samstarfsaðila eru skoðaðir en þar sést að 19% tengiliða er karlar og 81% eru konur.

Til samanburðar má nefna að hlutföll starfsmanna skóla- og frístundasviðs janúar – apríl 2021 út frá stöðugildum voru 80% konur og 20% karlar. Kynjahlutföll umsækjenda um styrkina eru mjög í takti við kynjahlutföll starfsmanna sviðsins.

Í töflu 3 má sjá að kynjahlutföll bæði verkefnastjóra og tengiliða samtarfsaðila var mjög sambærilegt í þeim verkefnum sem ekki fengu úthlutað styrk. Í töflu 4 má sjá að hlutfall KK verkefnastjóra og KVK verkefnastjóra er mjög sambærilegt þegar skoðaðar eru annarsvegar allar umsóknir, þar sem 20% eru karlar og 80% eru konur og hinsvegar þær umsóknir sem fengu styrk þar sem 18% verkefnastjóra eru karlar og 82% konur. Það er áhugavert að sjá að hlutfallið er frekar jafnt þegar kemur að árangurshlutfalli en sjá má að 42% verkefna sem leidd eru af körlum fá styrk og 49% þeirra verkefna sem leidd eru af konum.

Dreifing styrkja milli hverfa

Þegar verkefni sem hafa fengið styrk eru greind eftir hverfum, þá kemur í ljós að lang flest verkefni eru unnin í samstarfi þvert á hverfi og stór hluti fjármagnsins hefur farið í slík verkefni. Öll hverfin hafa hlotið styrki. Breiðholt, sem hefur fengið hæstu fjárhægðina af hverfunum, er með stóran hluta barna með annað móðurmál en íslensku (sjá mynd 1) og er verkefnum í því hverfi oft ætlað að bregðast við áskorunum því tengt. Hins vegar hefur Laugardalur/Háaleiti fengið minnstu upphæðina og færst verkefni hafa verið styrkt. Mögulega er tilefni til að hvetja starfsstaði þar sérstaklega til að sækja um.


Menntunarstig foreldra er lang hæst í Vesturbæ/Miðborg/Hlíðum annars vegar og Laugardal/Háaleiti hins vegar. Lægst er það í Breiðholti en svipuð í Árbæ/Grafarholti og Grafarvoginum. Miðgildi ráðstöfunartekna fjölskyldna í skólahverfum innan borgarinnar er áberandi lægst í Breiðholti.

Tafla 5. Dreifing styrkja milli hverfa:

Hverfi	Fjöldi styrkja	Upphæð styrkja	% af heildarúthlutun	Meðalupphæð styrkja
Árbær/Grafarholt	3	12.000.000	8%	4.000.000
Breiðholt	6	30.000.000	20%	5.000.000
Grafarvogur/Kjalarnes	6	24.500.000	16,3%	4.083.333
Laugardalur/Háaleiti	2	5.400.000	3,6%	2.700.000
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	6	14.300.000	9,5%	2.383.333
Samstarf þvert á hverfi	17	64.000.000	42,6%	3.764.706
Samtals	40	150.000.000	100%	3.750.000

Mynd 1:

Þróun hlutfalls fjöltyngdra eftir borgarhlutum



Skipting þróunarstyrkja milli aldurshópa

Tafla 6. Skipting styrkja á aldurshópa:

	2019 - 2020	2020 - 2021	2021 - 2022	Samtals
Leikskóli (1-5 ára)	2	1	2	5
Yngsta stig (6-9 ára)	2	0	0	2
Miðstig (10-12 ára)	0	1	0	1
Unglingastig (13-16 ára)	5	1	2	8
Leikskóli og yngsta stig (1-9 ára)	0	0	0	0
Yngsta stig og miðstig (6-12 ára)	2	1	1	4
Mið- og unglíngastig (10-16 ára)	2	1	1	4
Yngsta, mið- og unglíngastig (6-16 ára)	4	4	4	12
Allur aldur (1-16 ára)	1	1	2	4
Samtals	18	10	12	40

Af ofangreindri töflu má sjá að flest þróunarverkefni eru ætluð börnum og unglíngum á aldrinum 6 – 16 ára eða samtals 12 verkefni öllu þrjú skólaárin sem styrkir til þróunar- og nýsköpunarverkefna hafa verið veitt. Verkefni sem eingöngu eru ætluð unglíngum eru átta en þess ber að geta að þessi verkefni geta bæði verið unnin af grunnskólum og félagsmiðstöðvum eða í samstarfi þessara aðila.

Athygli vekur að ekkert samstarfverkefni leikskóla og yngsta stigs grunnskóla hefur verið styrkt á þessu tímabili en skóla- og frístundaráð hefur um árabil lagt mikla áherslu á gott samstarf milli þessara skólastiga. Má vera að þegar sé komið á gott samstarf þeirra sem sjá um samstarf og samfellu milli skólastiganna og því ekki verið talin þörf á sérstökum þróunarverkefnum á því sviði. Fá verkefni þar sem unnið er með leikskólaaldurinn og þörf á því að veita stjórnendum leikskóla stuðning og hvatningu til að sækja um í sjóðinn.

Hvernig styrkirnir nýttust kynjunum og jaðarhópum

Líkt og í umsóknum fyrri ára þá miða flestar umsóknir sem hafa fengið styrk af því að verkefni nýtist bæði stúlkum og drengum óháð bakgrunni eða atgerfi. Vert er þó að taka fram að nokkrar veittar umsóknir leggja áherslu á hópa sem flokkast sem jaðarhópar. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að hugmyndir að verkefnum séu viðbrögð við áskorunum sem birtast í starfsumhverfinu, byggt á rannsóknum. Sú áhersla eykur líkurnar á því að komið sé til móts við hópa sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning.

Tafla 7. Verkefni tengd jaðarhópum:

Þróunarstyrkir	2019-2020	2020-2021	2021-2022	Samtals
Börn með annað móðurmál en íslensku	4	1	3	8
Börn með þroskafrávik	2			2
Félagslega einangruð börn	2			2
Hinsegin börn		1	2	3
Samtals	8	2	5	15

Taflan hér fyrir ofan sýnir að af þeim 40 verkefnum sem fengu úthlutað úr B sjóði á árunum 2019-2022 fengu 15 verkefni styrk sem þar sem sérstök áhersla var á hlut barna sem falla undir jaðarhóp. Gerir það um 37,5 % af þeim verkefnum sem hafa fengið úthlutað fjármagn á þessu tímabili. Flest verkefnanna eru tengd börnum sem hafa íslensku sem viðbótarmál eða alls 8 verkefni. Alls nam styrkupp hæð til þessara verkefna 50 milljónum króna sem er tæplega 1/3 alls þess fjármagns sem veitt var í styrki á þessu tímabili. Ef skoðað er hvernig þessir styrkir dreifast milli hverfa kemur í ljós að þrjú hverfi eru með fimm styrki, þetta eru Grafarvogur/Kjalarnes, Laugardalur/Háaleiti og Vesturbær/Miðborg/Hlíðar. Breiðholt er með fjóra styrki og Árbær/Grafarholt með þrjá.

Á tímabilinu 2019 – 2022 hafa verið veittir styrkir til 40 verkefna alls. Flest voru verkefni fyrsta skólaárið, 2019 – 2020, eða 18 en fæst skólaárið 2020- 2021 eða tíu. Skýringin á þessari fækkun er líklega sú að forsendum úthlutunar sjóðsins var breytt á þann hátt að sett var lágmarksúthlutun um 4 millj. til að tryggja að styrkirnir nýttust til að stuðla að stærri samstarfsverkefnum. Þau verkefni sem hlutu styrk undir 4 millj. skólaárið 2019 – 2020 voru af ýmsum toga en nýttust m.a. jaðarsettum hópum, s.s. nemendum Klettaskóla til að efla tjáskipti (2 millj.), fjöltýngdum nemendum í Folda-, Hamra- og Húsahverfi til markvissrar íslenskukennslu (2 millj.), ungmennaráði sértækra félagsmiðstöðva í borginni allri til að skapa vettvang fyrir unglinga í sértækum félagsmiðstöðvum til að láta sínar skoðanir í ljós (1 millj.) og nemendum af erlendum uppruna í Hagaskóla og Laugalækjarskóla sem sækja félagsmiðstöðvarnar Frosta og Laugó en markmið þess verkefnis var að þjálfra íslenskt talmál og samskipti og rjúfa félagslega einangrun þessara hópa (2 millj.). Að auki var styrkt verkefni til að finna og vinna með einstaklinga sem sýna áhættu hegðun og stofna til hópamyndunar í Vesturbær/Miðborg/Hlíðum (2,5 millj.). Einnig voru styrkt verkefni sem stuðla að

forvörnum, s.s. varðandi svefn, orkudrykki og rafrettunotkun, útvíst og útinám, auk skapandi starfs, s.s. leiklistar, rafíþróttaver, vísindaleikir í leikskóla, efling siðfræðikennslu í frístundastarfi o.fl.

Lagt er til að skoðað verði með stafrænum leiðtoga SFS hvort gera eigi umsóknareyðublaðið rafrænna þannig að auðvelt væri að kalla fram hvort verkefni styðji við mannréttindastefnu Reykjavíkur (s.s. haka við kyn, uppruna, aldur barna, jaðarhópa). Það má þó ekki verða á kostnað þess að áherslan minnki á innleiðingu menntastefnunnar sem er aðal tilgangur styrkjanna. Einnig væri æskilegt að matsblað úthlutunarnefnda fyrir hvert verkefni væri einnig rafrænt og þannig væri matsferlið gegnsærra.

Eftirlit og mat

Öll B-hluta verkefni skila inn lokaskýrslu þar sem greint er frá niðurstöðum verkefnisins í meginráttum. Starfsmenn nýsköpunarmiðju menntamála fara yfir lokaskýrslu og í kjölfar er lokagreiðsla verkefnisins greidd út. Skýrslur verkefna eru allar aðgengilegar á vef menntastefnunnar ásamt afurðum sem verða til við framkvæmd verkefna.

<https://menntastefna.is/styrkt-verkefni-b-hluti/>

Tillögur starfshópsins að aðgerðum

- Lagt er til að framvegis þegar úthlutunarnefndir fá umsóknirnar sendar verði þeim jafnframt sendur hlekkur á mannréttindastefnu borgarinnar og nefndarmeðlimir beðnir um að hafa hana til hliðsjónar við mat sitt ásamt menntastefnunni.
- Stjórnendur í hverfinu Laugardalur/Háaleiti verði sérstaklega hvattir til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum í því hverfi.
- Stjórnendum leikskóla verði veittur stuðningur og hvatning til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum sem snúa að börnum á leikskólaaldri.
- Lagt er til að skoðað verði með stafrænum leiðtoga SFS hvort gera eigi umsóknareyðublaðið rafrænna þannig að auðvelt væri að kalla fram hvort verkefni styðji við mannréttindastefnu Reykjavíkur (umsækjendur haki við t.d. kyn, uppruna, aldur barna og tiltekna jaðarhópa). Það má þó ekki verða á kostnað þess að áherslan minnki á innleiðingu menntastefnunnar sem er aðal tilgangur styrkjanna. Einnig væri æskilegt að matsblað úthlutunarnefnda fyrir hvert verkefni væri einnig rafrænt og þannig væri matsferlið gegnsærra.

Skrá yfir myndir

Mynd1. Þróun hlutfalls fjöltyngdra eftir borgarhlutum.

Skrá yfir töflur

Tafla 1. Fjöldi og upphæðir styrkja.

Tafla 2. Kynjahlutfall umsækjenda og samstarfsaðila í verkefnum sem fengu styrk.

Tafla 3. Kynjahlutfall umsækjenda og samstarfsaðila í verkefnum sem var hafnað.

Tafla 4. Umsóknir og veittir styrkir eftir árum 2019-2022 – Hlutfall KK og KVK og árangurshlutfall.

Tafla 5. Dreifing styrkja milli hverfa.

Tafla 6. Skipting styrkja á aldurshópa.

Tafla 7. Verkefni tengd jaðarhópum.

Fylgiskjal 1 – Reglur um styrkveitingar úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar

Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefni styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglunga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að um samstarfsverkefni sé að ræða. Verkefni byggja á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflakki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkupphæð.
4. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkur felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð. Ekki er gerður styrkjasamningur til meira en eins árs í senn.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar ár hvert er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Reglur Reykjavíkurborgar gilda um styrki skóla- og frístundaráðs.
7. Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta sótt um styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Þeir geta haft til samstarfs í verkefninu sjálfstætt starfandi leik-, grunn- og listaskóla eða aðra. Gerð er krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis.
8. Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið tengist rannsóknum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi/teymishugsun verkefnið byggja á, og hvernig nýta á hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag.
9. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og

tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.

10. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað skýrslu um verkefnið (sjá nánar um skýrslugerð á heimasíðu skóla- og frístundasviðs). Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.
11. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Þ.m.t. að lokaskýrslu og yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár er ekki skilað.
12. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.
13. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkjar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um á þar til gert eyðublað. Gera skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
14. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár. Jafnframt skal úthlutunarnefnd leggja fram árlega yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið ásamt yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár frá styrkþega auk lokaskýrslu styrkþega.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 12. febrúar 2019 og í borgarráði þann 21. febrúar 2019. Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 8. júní 2021 og í borgarráði þann 24. júní 2021.

Fylgiskjal 2 – Umsóknareyðublað vegna umsóknar um styrki úr þróunarsjóði



Látum draumana rætast

Þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur



Umsóknareyðublað B hluti

SAMSTARFSVERKEFNI

Umsækjendur lesi vel reglur og leiðbeiningar áður en umsókn er fyllt út. Skila skal umsóknum vegna grunnskóla, leikskóla, frístundastarfs og skólahljómsveita ásamt fylgiskjöllum til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 – 14 eða á netfangið sfs@reykjavik.is. Sjá upplýsingar um skilafrest á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.

Starfsstaðir SFS sem eiga aðild að umsókninni, setjið X fyrir framan:

<input type="checkbox"/>	Grunnskóli
<input type="checkbox"/>	Leikskóli
<input type="checkbox"/>	Frístundamiðstöð
<input type="checkbox"/>	Skólahljómsveit

1. UMSÆKJANDI

Starfsstaður			
Verkefnisstjóri /tengiliður		Sími	Netfang

2. SAMSTARFSAÐILAR (STARFSSTAÐIR SFS KOMA FYRST OG AÐRIR SAMSTARFSAÐILAR ERU TALDIR UPP Á EFTIR)

1.	Starfsstaður/ samstarfsaðili			
	Tengiliður		Sími	Netfang
2.	Starfsstaður/ samstarfsaðili			
	Tengiliður		Sími	Netfang
3.	Starfsstaður/ samstarfsaðili			
	Tengiliður		Sími	Netfang
4.	Starfsstaður/ samstarfsaðili			
	Tengiliður		Sími	Netfang
5.	Starfsstaður/ samstarfsaðili			
	Tengiliður		Sími	Netfang
6.	Starfsstaður/ samstarfsaðili			
	Tengiliður		Sími	Netfang

3. HEITI VERKEFNIS (STUTTUR TITILL)

--

4. ÍTARLEG LÝSING Á VERKEFNINU

Hvaða áskorunum er verið að bregðast við með þessu verkefni. Af hverju er verkefnið mikilvægt?

Hvaða aðstæður í félagslegu og námslegu umhverfi starfsstaðarins valda því að mikilvægt er að fara í þetta verkefni? Takið fram hverjir tóku þátt í samtali við að greina þessar áskoranir og hvaða gögn lágu til grundvallar?

--

Að hvaða þáttum menntastefnunnar er unnið í verkefninu?

Hvaða þætti menntastefnunnar verður fyrst og fremst unnið að í verkefninu? Merkið við einn þátt.

- Að láta drauma barna rætast
- Fagmennska og samstarf
- Virkni barna og þátttaka
- Sjálfsefning
- Félagsfærni
- Læsi
- Sköpun
- Heilbrigði

Hvaða öðrum þáttum menntastefnunnar verður unnið að í verkefninu? Merkið við einn eða fleiri þætti.

- Að láta drauma barna rætast
- Fagmennska og samstarf
- Virkni barna og þátttaka
- Sjálfsefning
- Félagsfærni
- Læsi
- Sköpun
- Heilbrigði
- Engum öðrum þáttum

Hver eru helstu markmið verkefnisins, hvernig endurspeglar þau þætti menntastefnunnar og hver er væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi?

--

Lýsið framkvæmd verkefnisins, aðferðum, verk- og tímaáætlun.

Hvernig verða rannsóknir nýttar og tengdar verkefninu og/eða hvernig verður samstarfi við fræðasamfélagið háttað?			
Hvernig verður árangur verkefnisins metinn og hvernig verða niðurstöður kynntar öðrum?			
5. Heildarfjárhæð umsóknar:		6. Heildarkostnaður:	
7. Upphaf verkefnis og áætluð lok:			
8. Útdráttur – (stutt lýsing á verkefninu byggð á því sem fram kemur í lið 4, hámark 200 orð)			

9. Sundurliðuð kostnaðaráætlun – (nánari sundurliðun á sér blaði ef þörf krefur)

Kostnaðarþáttur	Heildarkostnaður (þús. kr.)	Hlutur Þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur (þús. kr.)	Framlög annarra (ef við á) Styrkur (þús. kr.)	Aðili
Laun umsækjenda				
Efniskostnaður				
Aðkeypt þjónusta				
Annað (tilgr. í aths.)				

Fylgiskjal 3 – Grind að lokaskýrslu um þróunarverkefna



Heiti verkefnis

Mynd, merki o.þ.h.

Höfundur/höfundar

Nafn starfsstaðar/starfsstaða

Skólaárið 2020-2021



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti

Starfsstaður

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	2
4. Mat á verkefninu	2
5. Greinargerð um notkun styrkjár	2
6. Kynning	2
Heimildir	2
Fylgiskjöl ef við á	3

ATH.

- Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is
- Skýrslur vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna eru [birtar á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar](#)

1. Inngangur

- Sagt frá markmiðum verkefnisins (m.a. jafnréttismarkmiðum og hvernig það tengist Menntastefnu Reykjavíkur) og aðdraganda þess.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

- Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við?
- Af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?
- Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

3. Samantekt - niðurstöður eða gaansemi fyrir aðra

- Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?
- Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?
- Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?
- Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknnum?

4. Mat á verkefninu

- Hvernig var mati á verkefninu háttað? Var það formlegt (rannsóknir, gátlistar menntastefnu eða annað) eða óformlegt (ígrundun, samræður, huglægir þættir)?
- Voru markmið verkefnisins uppfyllt?

5. Greinargerð um notkun styrkjar

- Hvernig var styrknum ráðstafað? (Vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl. sé sundurliðað)

6. Kynning

- Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum?
- Hvaða kynningar hafa þegar farið fram á verkefninu og/eða niðurstöðum þess?
- Varð til einhver afurð með verkefninu sem hægt væri að deila með öðrum í verkfærakistu á vef menntastefnunnar (Dæmi: myndband, vefur, greinaskrif, handbók, verkefnalýsing eða annað)?

Starfsstaður

Heimildir

Fylgiskjöl ef við á

Fylgiskjal 4 – Matsblað úthlutunarnefndar



Látum draumana rætast
Þróunar- og nýsköpunarsjóður
skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur



B-hluti - Matsblað vegna umsókna

Skrifaðu stuttar athugasemdir við eftirfarandi efnisatriði og/eða krossaðu við viðeigandi lýsingu á kvarðanum.

Nafn umsækjanda/starfsstaðar: _____

Heiti verkefnis og númer: _____

Kemur skýrt fram hvaða áskorunum
verkefninu er ætlað að bregðast við? Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Endurspeglar áherslur verkefnis þætti
menntastefnunnar? Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Hagnýtt gildi viðfangsefnisins fyrir börn í skóla-
og frístundastarfi. Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Er þróunar- og nýsköpunarhluti verkefnisins
vel skilgreindur? Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Er framkvæmd og verk- og tímaáætlunin
raunhæf? Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Byggir verkefnið á niðurstöðum rannsókna
og/eða hefur skýra tengingu við
fræðasamfélagið? Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Kemur fram með hvaða hætti verkefnið verður
metið og niðurstöðum þess miðlað? Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Er kostnaðaráætlun raunhæf? Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Hefur verkefnið jafnréttisgildi Mikið Nokkuð Lítið Ekkert
1 2 3 4

Hvaða þætti menntastefnunnar er lögð áhersla á í verkefninu? _____

Annað: _____

Hve sterklega mælir þú með að verkefnið hljóti styrk?

Mæli alls ekki með því Mæli eindregið með því
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Undirskrift matsmanns: _____

Fylgiskjal 5 – Samningur vegna þróunarstyrkja

Skóla- og frístundasvið vegna Reykjavíkurborgar, hér eftir nefndur styrkveitandi, kt. 530269-7609, Borgartúni 12 -14, Reykjavík annars vegar og [REDACTED] hér eftir nefndur styrkþegi, hins vegar gera með sér svohljóðandi:

Samningur um verkefnið Frístundafræðingur á miðstigi

1.gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að hefja framkvæmd hins styrkveitta verkefnis í samræmi við hjálagða umsókn og samþykkt um úthlutun styrksins innan þriggja mánaða frá undirritun samningsins.

Styrkþegi skal skila styrkveitanda lokaskýrslu eða áfangaskýrslu í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma en til eins árs um ráðstöfun styrksins fyrir lok ráðstöfunarárs, í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki og 12. gr. reglna um styrkveitinar skóla- og frístundaráðs vegna styrkja í B – hluta, áður en 1/3 hluti styrksins er greiddur út.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki.

Greinargerðinni skal skila á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik.is/styrkir>. Styrkþegi skal skila inn lokaskýrslu eða áfangaskýrslu framvinduskýrslu áður en seinni greiðsla styrks fer fram sbr. 2. gr. Skili styrkveitandi ekki inn greinargerð fellur samningurinn úr gildi og styrkveitanda er heimilt að krefja styrkþega um endurgreiðslu þess sem þegar hefur verið greitt.

2.gr.

Veittur er styrkur til verkefnisins að fjárhæð kr. [REDACTED]

Styrkurinn greiðist á bókhaldslykil 5824 sem hér segir:

Við undirritun samnings: kr. [REDACTED]

Hinn [við skil lokaskýrslu/áfangaskýrslu og greinargerðar til samræmis við 4. mgr. 1. gr.]

kr. [REDACTED]

Greiðsla skal innt af hendi inn á kostnaðarstað umsækjanda/ábyrgðaraðili [REDACTED]

3.gr.

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir styrkveitanda er hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd styrkþega er [REDACTED]

Fylgiskjöl:

Fskj. 1; Reglur vegna styrkja í B – hluta

Fskj. 2; Reglur Reykjavíkurborgar um styrki samþykktar í borgarráði 25. maí 2017

Fylgiskjal 6 – Auglýsing fyrir úthlutun úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar

Þróunarsjóður

Leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í Reykjavík gefst kostur á að sækja um allt að 200 m.kr. til þróunar- og nýsköpunarverkefna skólaárið 2021-2022 frá skóla- og frístundaráði borgarinnar. Forsenda styrkveitingar er að verkefni byggja á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósið er virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm: félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði og skulu þróunar- og nýsköpunarverkefni tengjast einum eða fleirum þessara þátta og/eða endurspeglar yfirskrift, leiðarljós og framtíðarsýn stefnunnar: í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



A-hluti. 150 milljónum verður úthlutað til grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs. Umsóknarfrestur fyrir verkefni í **A-hluta er til 15. mars 2021.**

B-hluti. 50 milljónum verður úthlutað til stærri samstarfsverkefna. Í stærri samstarfsverkefnum verður gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. **Styrkir verði að lágmarki 4.000.000 og hámarki 8.000.000.** Umsóknarfrestur fyrir verkefni í **B-hluta er til 1. mars 2021.**

Fyrirspurnir er hægt að senda á sfs@reykjavik.is

Fylgiskjal 7 – Erindisbréf starfshóps

Heiti hóps: Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Þróunarstyrkir menntastefnu B- hluti
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson
Hlutverk: Tilgangur verkefnis er að greina áherslur og úthlutaða styrki B-hluta þróunarsjóðs Menntastefnu Reykjavíkur með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Rýna skal í hvort úthlutaðir styrkir falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og komi jafnt til móts við börn og unglunga af öllum kynjum. Einnig að fá yfirsýn yfir jafnréttisáhrif styrkja með tilliti til jaðarhópa s.s. barna með fötlun, barna með annað móðurmál en íslensku, hinsegin barna og barna sem búa við fátækt.
Helstu verkefni: <ul style="list-style-type: none">• Að bera áherslur sjóðsins og umsóknareyðublöð saman við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar• Að rýna í þau verkefni sem fengið hafa styrk og meta hvort komið sé til móts við öll kyn• Að skoða hvort styrkt verkefni hafi sérstaklega jákvæð jafnréttisáhrif fyrir einhverjar hópa• Að skoða kynjahlutföll styrkþega• Að greina hvernig styrkirnir dreifast á hverfi borgarinnar og aldurshópa barna og unglunga• Leggja fram tillögu að frekari greiningu eða úrbótum eftir því sem við á
Fulltrúar í hópi: Hanna Halldóra Leifsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Hjörtur Ágústsson
Formaður verkefnahóps: Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Starfsmaður/verkefnastjóri: Hjörtur Ágústsson
Ráðgjöf/samstarf: Starfshópur KFS á skóla- og frístundasviði Sigríður Finnbogadóttir verkefnastýra KFS hjá Reykjavíkurborg Aðrir sérfróðir aðilar sem hópurinn kys að leita til

Starfstímabil og skil:

10.06'21 – 30.09'21

Auk lokaskýrslu skal skila bréfi til ábyrgðarmanns þar sem tilgreint er hverjar helstu tillögur eru, kostnaðarmat ef það á við og skilgreining á ábyrgð og eftirfylgni með framkvæmd tillagna.